

Jafnframt skulu sveitarfélög senda ráðuneytinu skilagrein um úthlutun olíu-
styrkja næsta ársfjórðung á undan. Vanræki sveitarfélög sendingu skilagreinar er
heimilt að fresta greiðslu olíustyrkja til þeirra.

Greiðsla olíustyrks til einstaklinga og annarra réttihafa skal að jafnaði hefjast
eigi síðar en 6 vikum eftir lok hvers ársfjórðungs.

7. gr.

Vegna ákvörðunar olíustyrks til rafveitna skv. 5. gr. skal orkuver og/eða raf-
veita senda Orkustofnun skýrslu innan tveggja vikna frá lokum hvers ársfjórðungs,
þar sem eftirtalin atriði komi fram.

1. Notkun olíu til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæðinu.

2. Heildarorkuframleiðsla á umræddu tímabili flokkuð eftir því hvort fram-
leitt hefur verið með olíu eða öðrum orkugjafa.

3. Verð á raforku til hitunar íbúða í desember 1979 og fyrir það tímabil sem
skýrslan á við.

Orkustofnun fer yfir og endurskoðar ofangreinda skýrslu og getur hún krafist
hvers konar tiltækra gagna og upplýsinga í þessu skyni. Orkustofnun staðfestir síðan
skýrsluna og sendir hana viðskiptaráðuneytinu sem tekur ákvörðun um styrkgreiðslu.

8. gr.

Ríkisendurskoðun fylgist með framkvæmd þessarar reglugerðar, svo og sér-
stakur trúnaðarmaður ráðuneytisins. Ber sveitarfélögum að láta í té öll gögn, sem
óskað er í því sambandi.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 53 28. maí 1980, um jöfnun og lækkan
hitunarkostnaðar, öðlast þegar gildi. Greiðslur olíustyrks fyrir 2. ársfjórðung 1980
og síðar skulu fara eftir ákvæðum hennar. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð
nr. 219 27. maí 1977, um úthlutun olíustyrks.

Viðskiptaráðuneytið, 25. júní 1980.

Tómas Árnason.

Yngvi Ólafsson.

30. júní 1980.

Nr. 324.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976

um Happraætti Háskóla Íslands.

1. gr.

1. og 2. málsl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er 2 000 kr. í hverjum
flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 24 000 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um Happraætti
Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð
nr. 337 31. júlí 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júní 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.